

Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur

12. september 2025

Efni: Afstaða stjórnar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. gagnvart tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins á fundi borgarráðs nr. 5787 um afléttingu trúnaðar í tengslum við fylgigögn samnings Hörpu og eigenda – **MSS25070006**

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um afléttingu trúnaðar í tengslum við fylgigögn samnings Hörpu og eigenda er samþykktur var á fundi borgarráðs Reykjavíkur þann 10. júlí sl., var tekin til umfjöllunar á 151. stjórnarfundi Hörpu, þann 27. ágúst sl.

Stjórn Hörpu telur ekki tilefni til að víkja frá ákvörðun sinni um að óska trúnaðar um þá tvo tölusettu viðauka af níu er snúa að umræddum skjölum og eru „Rekstrarreikningur samstæðu 2023 til 2029“, „Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2023 til 2029“ og „Starfsþáttagreining janúar – desember 2024“.

Röksemadir stjórnar Hörpu um trúnað hvað varðar fimm ára áætlun og starfsþáttagreiningu lúta að því að um gögn tengd innri rekstrarstjórnun sé að ræða sem fulltrúar eigenda eru þegar vel upplýstir um m.a. á vettvangi eigendaneftnar. Upplýsingagjöf til almennings um rekstur Hörpu er þegar ítarleg og aðgengileg m.a. í tengslum við ársfundi félagsins sem eru opnir öllum og þar sem ársskýrsla og ársreikningar félagsins eru lögð fram. Umrædd gögn eru jafnframt aðgengileg á vef félagsins.

Ekki verður heldur séð að önnur hlutafélög í opinberri eigu birti fimm ára áætlanir sínar opinberlega og starfsþáttagreining er innri greining á rekstri og afkomu einstakra starfspáttá sem er verkfæri stjórnenda og stjórnar til að tryggja ábyrgan rekstur.

Harpa nýtur jafnframt undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga enda hefur féluginu ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir eða sinni þjónustu sem kveðið sé um í lögum að stjórnvöld sinni eða sem teljist liður í opinberu hlutverki stjórnvalds, sbr. 3. gr. upplýsingalaga.

Fyrir hönd stjórnar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.,

